

9. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins 1873.
yfir Íslandi, um undanþágu undan lestagjaldi af 18. febrúar.
hvalveiðaskipum.

Eptir að dómsmálastjórnin í bréfi til amtmannsins yfir norður- og austurumdæmi Íslands, dagsettu 8. desbrm. 1871, auk annars hafði úrskurðað, að eigi skyldi höfða mál á móti hollenzkum hvalveiðamanni, að nafni *Bottemann*, fyrir brot gegn hinum íslenzku verzlunarlögum, með því skilyrði, að hann borgaði lestagjald af skipi því, sem í hlut átti, hefir tæður embættismaður sent hingað ávísun til þess að greiða þetta gjald, og í meðfylgjanda bréfi með fylgiskjöllum látið í ljósi, að það væri mjög æskilegt, ef skipstjórnarmanni *Bottemann* yrði fyrst um sinn veitt undanþága undan gjaldi af skipum þeim, sem hann hefir til veiði sinnar, til þess að hvetja hann til þess að halda áfram hvalveiðum við landið, sem að miklu leyti er landsmönnum í hag.

Reyndar getur það ekki komið til tals, að láta nokkrum einstökum manni eptir slíka undanþágu, en stjórnarráðið hefir íhugað, hvort eigi mætti gjöra almennar ráðstafanir til þess að ráða bót á því, að það fæli hvalveiðamenn frá að sigla upp á Íslandi og selja þar kjöt af hvölum þeim, sem þeir hafa flegið spikið af, að verzlunarlögunum er framfylgt gegn þeim, en efna-
litir menn á Íslandi geta með því móti aflað sér góðrar fæðu fyrir lítið verð. Þessum ráðstöfunum verður nú eigi komið við nema með nýju lagaboði, og áður en lengra er haldið út í málið mælumst vèr til, að þèr, herra stiptamtmaður, látið uppi álit yðar um, hvort ástæða sè til að láta semja frumvarp, sem verði lagt fyrir alþingi á sumri komanda, um að skip, sem flutt er á hvalkjöt til Íslands, til þess það verði selt þar, skuli undan-
þegin lestagjaldi.